

Umhverfisstofnun
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. desember 2018
2018040005/30
SBR, TB
tb/sbr

Tillaga um breytingu á gerðaskiptingu

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á gerðaskiptingu/gerðaflokkun vatnshlota.

I

Lýsirinn hæð yfir sjávarmáli fyrir bæði straum- og stöðuvötn: Lög er til sú breytingartillaga að taka út lýsinn hæð yfir sjávarmáli og virðist tillagan fyrst og fremst byggja á því að fátaekleg gögn eru til fyrir vatnshlot yfir 600 m h.y.s. sem rökstutt geta gerðaskiptingu eftir lýsinum. Engu að síður eru til gögn sem benda til þess að vistfræðilegur munur sé á stöðuvötnum á hálendi og láglendi. Vandinn virðist helst fólginn í því við hvaða h.y.s. eigi að draga mörkin eða hvort breytileikinn sé línulegur.

Hæð yfir sjávarmáli er skyldubundinn lýsir sem notaður er af flestum nágrannapjóðum okkar og ekki er lokað fyrir það skotið að upplýsingar um gróðurfar sem fengust í verkefninu Natura Ísland geti varpað skýrara ljósi á hvort lýsirinn eigi rétt á sér hérlendis við gerðaskiptingu straum- og stöðuvatna. Það gæti því verið þess virði að skoða framangreind gögn betur áður en endanlega ákvörðun er tekin um það að taka lýsinn alveg út, hvaða hæðarbil er eðlilegt að miða við eða hvort lýsirinn eigi e.t.v. meiri rétt á sér fyrir annað hvort stöðuvötn eða straumvötn en ekki endilega bæði. Náttúrufræðistofnun þarf tíma til að kanna þetta betur.

II

Lýsirinn dýpi fyrir stöðuvötn: Ekki var lagt til að breyta þeim lýsi en í stöðuskýrslu 2013 var skiptingin um 3 metra dýpi. Samkvæmt tillögum að nýjum lýsum kemur fram dýpi $\geq 10 \text{ m}$



sem er þá í ósamræmi við upprunalegu tillöguna. Hér er líklega um mistök að ræða í breytingartillögum sem þarf að leiðréttu.

Ekki eru gerðar athugasemdir við breytingar á öðrum lýsum.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðum. vistfræði- og ráðgjafardeildar



Sunna Björk Ragnarsdóttir
sjávarlífþræðingur

